

Ed.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:
1. Aftan við B. 61 bætist: og þaðan á Vesturlandsveg.
 2. Á eftir B. 61 kemur nýr liður, er orðast svo:
Tröllatunguheiðarvegur: Frá Valshamri á Strandarveg.
 3. Aftan við B. 62 bætist: og þaðan að Hlíð.
 4. Á eftir B. 63 koma tveir nýir liðir, er orðast svo:
 - a. *Svínanesvegur: Frá Kletthálsvegi um Kvigindisfjörð að Svínanesi.*
 - b. *Bæjarnesvegur: Frá Kvigindisfirði um Kirkjuból að Bæ á Bæjarnesi.*
 5. Aftan við B. 64 bætist: og þaðan að Skálmarnesmúla.
 6. Á eftir B. 89 kemur nýr liður, er orðast svo:
Arnarfjarðarvegur: Frá Rafnseyri inn fyrir Arnarfjörð, um Langanes, fyrir Geirþjófsfjörð og á Barðastrandarveg.
 7. Aftan við B. 94 bætist: og þaðan um Trostransfjörð á Arnarfjarðarveg.
 8. Á eftir B. 95 kemur nýr liður, er orðast svo:
Suðureyrarvegur: Af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Suðureyri.
 9. Á eftir B. 96 koma tveir nýir liðir, er orðast svo:
 - a. *Hjarðarnesvegur: Af Barðastrandarvegi í Vatnsdal um Fossá að Auðshaugi.*
 - b. *Síglunesvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Haukabergi að Síglunesi.*
 10. Á eftir B. 97 kemur nýr liður, er orðast svo:
Melanesvegur: Af Rauðasandsvegi við Bjarngötudal um Móberg að Melanesi.
 11. Á eftir B. 98 kemur nýr liður, er orðast svo:
Útvikurvegur: Af Örlygshafnarvegi við Ósa um Gjögur, Sellátranés, Hænuvík, Kollsvík og til Breiðavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er nú ljóst, að eigi að halda byggð í hinum afskekktari sveitum landsins, er óhjákvæmilegt að uppfylla frumskilyrði til þess að reka þar atvinnu, en það eru samgöngur á borð við aðrar sveitir. Flutningar á hestum, svo sem var áður og er enn, þar sem ekki er um akvegi að ræða, eru orðnir svo dýrir og úreltir, að þeir, sem við slíkar samgöngur búa, geta á engan hátt verið samkeppnisfærir í framleiðsluháttum eða skapað sér og skylduliði sínu sambærileg lífskjör við þá, sem við bætta samgöngur búa. Það er því óhjákvæmilegt að sjá þessum sveitum fyrir vegakerfi á borð við aðra landshluta. Skattamál þjóðarinnar eru enn slík, að sveitarsjóðunum eru ekki eftirlátnir þeir tekjustofnar, að unnt sé að greiða stórar fjárfúlgur til vegagerðar úr sýslusjóðum, og þó hafa héruðin orðið að taka á sig árlega þunga gjaldabyrði til þess að þoka áfram vegakerfinu að þeim leiðum, en með því að sýnt er, að það er sýslunum ógerlegt að standa undir þeim kostnaði, er af því leiðir að koma vegakerfi héraðanna í viðunandi horf á skömmum tíma og halda því síðan við, verður ríkissjóður að taka meira og meira að sér það hlutverk. Því er frumvarp þetta um breytingu á vegalögum fram borið og þess vænt, að það nái fram að ganga á þessu þingi.